

Umferðaröryggi barna

Þegar farið er út fyrir leikskólalóðina með börn þarf að gæta öryggis og hafa góða yfirsýn yfir barnahópinn.

Starfsmaður skal ekki fara einn með fleiri börn en honum er ætlað að hafa í hóp hverju sinni.

Leikskólaband skal nota í gönguferðum með yngstu börnunum en “vinalykkjur” með þeim eldri.

Starfsmaður skal ætíð vera góð fyrirmynd barnanna og virða almennar umferðareglur sem gilda fyrir gangandi vegfarendur. Ganga skal á gangstéttum þar sem þær eru, nota gangbrautir og umferðarljós, ganga beint yfir götur eftir að hafa stoppað og litið vel í kringum sig og hafa aðgæslu ávallt í fyrirrúmi.

Ekki skal fara með fleiri en þrjú börn í einkabifreiðar og að öryggisbelti séu fyrir alla. Börn skulu ekki sett í framsæti þar sem öryggispúðar eru þeim hættulegir.

Nota skal endurskinsvesti þegar farið er út fyrir leikskólalóðina

